

Samantekt fundar – Landeigendur Holtavörðuheiðarlína 3

Opinn kynningarfundur fyrir landeigendur fundur nr: 1

Dagsetning: 23.11.2022

Verkefnisnúmer: 10.8.3

Fundur haldin í Félagsheimilinu í Blönduósi

Kl: 16.30 – 18.30

Fundarritari: Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Fjöldi þátttakenda: 31

Dagskrá:

Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi

Kynning á skipulagi samráðs

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs

Landsnet, hlutverk og markmið

Anna Sigga Lúðvíksdóttir verkefnastjóri,

Erla Björg Aðalsteinsdóttir, ráðgjafi VSÓ

Holtavörðuheiðarlína 3 – kynning á verkefninu

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Magni Þór Pálsson, Yfirmaður rannsókna á þróunar- og tæknisviði

Holtavörðuheiðarlína 3 og jarðstrengir

1. Samráðsvettvangurinn (Elín S. Óladóttir)

Farið yfir tilgang verkefnaráðsins og samráðs. Markmið Landsnets er að stuðla að aukinni sátt um framkvæmdir, þar sem heildarhagsmunir eru í fyrirrúmi. Bæta verklag og áætlanagerð við undirbúning framkvæmda. Reynslan í síðustu verkefnum hefur sýnt að verkefnaráð/samráð hefur leitt til breytinga á framkvæmd, nýrra rannsókna og nýrra viðfangsefna.

Vettvangur að ræða nýjar tillögur að verkefnum, lausnir eða hugmyndir til að gera verkefnið betra. Mikilvægt að ræða allt sem áhugi er að ræða um í tengslum við verkefnið.

Ljóst að ekki verði allir sammála eða sátt við niðurstöðu.

Aðgengi að gögnum

Öll gögn aðgengileg á heimasíðu verkefnisins, Holtavörðuheiði – Blanda

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/?documentid=a92f9384-7490-4fab-041d-08dac8d99db5>

Allar glærur og gögn sem eru kynnt á fundum verða aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.

Ef vantar upplýsingar, gögn, skýrslur eða ábendingar um dagskrá funda hafa samband Elínu S. Óladóttur elins@landsnet.is

Næsti fundur

Stefnt að næsta fundi í janúar. Þá verður vinnustofa, þar sem fjallað er um hugmyndir um valkosti í verkefninu.

2. Landsnet, hlutverk og markmið (Sverrir Jan Norðfjörð)

Hlutverk Landsnets er þrjúþætt:

- Reka flutningskerfið, þ.e. raflínurnar.
- Vera kerfisstjóri, vera á vaktinni til að gæta þess að það sé jafnvægi á milli framleiðslu og notkunar á raforku
- Áætla og þróa flutningskerfið, áformum er lýst í svokallaðri kerfisáætlun.

Holtavörðuheiðarlína 3 er mikilvæg framkvæmd í 10 ára kerfisáætlun Landsnets. Byggðalínan er komin til ára sinna. Hún er að verða 50 ára. Margt hefur breyst á þessum árum.

- Stærð raforkukerfisins í dag er orðið meira en 2.500 MW.
- Byggðalínan getur flutt um 100 MW.
- Allar sviðsmyndir sem Orkustofnun skoðar um þróun raforkunotkunar, fela í sér aukningu frá ástandinu í dag.

3. Staða verkefnisins (Anna Sigga Lúðvíksdóttir og Erla Björg Aðalsteinsdóttir)

- Verkefnið felst í að byggja upp um 90 km. 220 kV byggðalínu sem tengir landshluta. Hún mun liggja á milli Holtafjarðarheiðarheiðar og Blöndu. Gert er ráð fyrir nýju tengivirki á Holtavörðuheiði. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2024.
- Markmið með framkvæmdinni er að tryggja örugga orkuafhendingu og er mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu.
- Á næstu mánuðum á að skoða valkosti. Við viljum því fá staðkunnugt fólk til aðstoða við að finna bestu leiðina.
- Næstu skref
- Næstu skref er að fara í valkostagreiningu í janúar. Síðan verður hafist handa við mat á umhverfisáhrifum. Gott að nota ferli mats á umhverfisáhrifum til að bera saman valkosti m.t.t. margvíslegra þátta.

4. Jarðstrengir (Magni Þór Pálsson)

- Magni fór yfir mismunandi uppbyggingu á jarðstrengjum og loftlínunum og hvað kemur í veg fyrir að hægt sé að leggja jarðstreng í háspennntu kerfi eins og Holtavörðuheiðarlína 3 kemur til með að vera. (sjá glærur)

Umræður og spurningar

Sp: Lítill ávinningur af Blönduvirkjun fyrir samfélagið í dag.

Er ekki hagkvæmara að flytja orkuna stystu leiðina?

Svar: Það er staðreynd að það er takmörkuð flutningsgeta víða á landinu í dag. Það er ávinningur af því að orkan fari ekki of langt, flutningstöp. Þessi framkvæmd, hún er liður í meginflutningskerfinu, en hún kemur til með styrkja Blönduós og nágrenni þar sem núverandi lína kemur til með að þjónusta svæðið. Þegar þessi lína mun valda því að staðan á þessu svæði verður að mörgu leyti betri en á mörgum öðrum stöðum.

Sp: Er ekki þörf á styrkingu línu frá Blöndu til Blönduós?

Svar: Við enduskoðum okkar áætlanir á hverju ári og metum þá hvaða línur þarf að endurnýja eða styrkja.

Sp: Veðurfarsleg áhrif hafa meiri áhrif en orkan á afhendingaröryggi.

Svar: Nýjar línur úr stáli eru áfallaþolnari. Ekki byggðar nýjar línur úr timbri.

Innlegg: Það vantar upp á að eitthvað sé gert í örygginu á svæðinu

Svar: Með þessari línu er verið að auka öryggi þar sem þá er komnir fleiri tengingar inn á svæðið.

Innlegg/Sp: Takmarkaðar upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Vantar frekari upplýsingar um vegagerð. Er einhver ástæða af hverju það er verið að fara um ósnortið land eins og sumir valkostir sýna. Telur að framkvæmdin sé aðeins til að sinna stórnotendum.

Svar: Umhverfismatið þarf að draga fram áhrif valkosta. Valkostir sem komnir eru eru ólíkir og ólík sjónarmið / hagsmunir eru þar að baki. Rannsóknir liggja ekki fyrir svo það liggja ekki fyrir upplýsingar um umfang framkvæmda og vegagerð. Virkjanir eru hryggjastykki í kerfinu. Framkvæmdin er ekki fyrir stórnotendur, álverið á Reyðafirði og í Hvalfirði eru komin með raforkuna, það þarf ekki að meira fyrir þau.

Innlegg: Mætti koma meira um styrkingar sem fyrirhugaðar á svæðinu.

Svar: Núverandi byggðalína mun fara inn á endurnýjunaráætlun á einhverjum tímamarki

Sp: Af hverju er valinn sá kostur að fara norður fyrir inntakslónið. Hefur verið athugað með svæðið vestur af lóninu. Mikið af votlendi þar sem línan liggur núna.

Svar: Þetta er frumkönnun sem var gerð, þetta var talin ákjóstanlegasta leiðin að fara á þeim tímamarki. Í valkostagreiningunni má endilega koma með hugmyndir af öðrum leiðum. Mikilvægt að staðkunnugir koma með ábendingar sem þekkja svæðið betur.

Sp: Er ekki línan of lítil, þarf ekki bara eina og stærri? Gamla lína verður orðin 60 ára gömul þegar þessi lína fer í loftið.

Svar: Það er betra að það séu fleiri tengipunktar og það er stefna stjórnvalda að öll svæði hafi tvær leiðir. Núverandi byggðalína verður þá endurnýjuð þegar það er komin tími á það.

Sp: Hvað mega línur vera nálægt hvor annarri

Svar: Ekki alveg með það á hreinu en hægt að miða við 50 m.

Sp: Hafa verið gerðar rannsóknir um áhrif rafsegulsvið á skepnur?

Svar: Það hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á þessu. Styrkur rafsegulssvið er langt undir viðmiðunarmörkum sem sett eru fyrir mannfolk. Rafsegulsvið deyr hratt út frá línunum. Rafsegulsviðið hefur ekki áhrif á lífverur. Einnig verið skoðuð áhrif á rötun fiska í ám. Magni hefur komið með fyrirlestra á fundi í öðrum verkefnum. Gert er ráð fyrir því sama í þessu verkefni.

Sp: Ávinningur fyrir Landsnet fyrir að fara styðstu leiðina? Hefur Landsnet einhverja pólitíska skoðun á hvora leiðina þau vilja fara? Hver er styðsta leiðin?

Svar: Landsnet hefur sjálf ekki ávinning þar sem þau eru í eigu opinberri eigu. Matið á eftir að leiða í ljós hverju er fórnað og hvað er áunnið með hverjum valkosti. Vissulega sparnaður að fara styðstu leið en það fer auðvitað eftir landsvæðinu sem línun fer um. Við förum alveg opin inn í ferlið, þetta er fagleg vinna og leggjum á borðið það sem við erum að hugsa.

B1 er styðst, fer frá nýju tengivirki á Holtavörðuheidi og norðan við Bótarfellið.

Það er umhverfismatið sem mun skera úr um hvaða leið verður farin.

Sp: Ef það verður farið eftir gömlu leiðinni. En að byggja línuna bara upp sem 400 kV. Hvað er það sem mælir gegn því að byggja upp Laxárvatn. Og fjarlægja gömlu línuna.

Svar: Það er vissulega valkostur en þá ertu ekki komin með tvítenginguna.

Sp: Væri gott að fá að sjá áætlunina, þ.e. Endurnýjunaráætlun

Svar: Það liggja fyrir einhverjar upplýsingar. Getum komið með kynningu á því á næstu fundum.

Innlegg: Benda á á korti, frá Blöndu og hálfa leið að Blönduós er lína. Er alltaf að koma ný lína á þessu svæði? Verða þá tvær línur samhliða á þessu svæði? Væri gott að sjá yfirlit / mynd af öllum línunum sem eru fyrirhugaðar að tengjast Blöndu.

Svar: Ef D lína verður farin þá verður ný lína til viðbótar við þær línur sem eru á svæðinu.

Fundi slitið kl. 18.30